


Feltbók

Feltbókin er þægileg til að skrá hjá sér athugasemdir. Hún er lítil og er auðvelt að stinga henni í plastpoka sem svo er hægt nota sem skjól og skrifa inní honum ef veður er rysjótt. Þessi vinnubók er hugsuð sem rissbók í útikennslu, sem hreinrita þarf úr við heimkomu.

Aðferð :

Brjótið A4 blað í tvennt, fyrst einu sinni, síðan aftur og enn aftur. Í allt 3 sinnum.




Réttið aftur úr blaðinu. Nú hafið þið blað með 8 kössum.

Merkið með blýanti hvern reit frá 1 – 8 öðru megin

Snúið blaðinu við og merkið líka hinu megin, frá 9 – 16.

Nú hafið þið fínt vinnublað til að fara með í vettvangsferðina eða bara út á lóð að skoða náttúruna.



Færið ávallt allt inn í glósubók eða verkefnabók eins fljótt og hægt er eftir heimkomu.